

**OPIÐ BRÉF****9**  
22. júní

er stefnir saman Alþingi til fundar miðvikudaginn 15. júlí 1931.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til fundar miðvikudaginn 15. júlí 1931.

Um leið og Vér birtum þetta bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá sett Alþingi eftir að guðspjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

*Gjört á Christiansborg, 22. júní 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*